

Skal matinu lokið innan 1 mánaðar frá uppsögn dómsins.
Í málskostnað greiði Hilmar Stefánsson bankastjóri f. h. Kreppulánasjóðs kr. 174.20 til stefnandans, en hinir aðrir stefndu skulu sýknaðir af málskostnaðarkröfunni.

Því dæmist rétt vera:

Kaupgerningar um jörðina Sölvahlið frá 11. febr. 1938 og 30. apríl 1938 skulu vera ógildir.

Stefnandinn, Magnús Kristjánsson, bóndi, Sandhólum, hefir forkaupsrétt að jörðinni og á að fá jörðina keypta fyrir kr. 550.00 í því ástandi, sem jörðin var 11. febr. 1938, og skulu úttektarmenn hreppsins meta, hvers virði húsin voru, sem þá voru á jörðinni, og skal stefndur, Hilmar Stefánsson bankastjóri f. h. Kreppulánasjóðs, greiða stefnandanum matsverðið, þó aldrei með hærri upphæð en kr. 400.00.

Skal matinu lokið innan 1 mánaðar frá uppsögn dómsins.

Í málskostnað greiði Hilmar Stefánsson bankastjóri f. h. Kreppulánasjóðs kr. 174.20 til stefnandans, en hinir aðrir stefndu skulu sýknaðir af málskostnaðarkröfunni.

Dóminum (ber) að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. maí 1940.

Kærumálið nr. 3/1940. Ófeigur Guðnason

gegn

Magnúsi Sveinssyni og Sigurði Gíslasyni

Um skyldu dómkvadds matsmanns að svara við staðfestingu matsins spurningu um ástand hlutar þess, er metinn var.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, er hingað barst þann 15. þ. m., hefir kærandi skotið til hæstaréttar úrskurði bæjarþings

Reykjavíkur, uppkveðnum af Birni Þórðarson lögmanni þann 8. s. m., um vitnaskyldu matsmanns í máli þessu í héraði, Sigurðar Gíslasonar. Krefst kærandi þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að stefndi Magnús Sveinsson verði dæmdur til þess að greiða honum áfrýjunarkostnað að skaðlausu. Af hálfu hinna stefndu hefir verið krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kærandi og stefndi Magnús Sveinsson gerðu á síðastliðnu ári samning um það, að Magnús smíðaði fyrir kæranda 4 sundmarðabúr og skilaði þeim fullgerðum seint á síðastliðnu sumri. Þann 13. sept. f. á. skoðaði Sigurður Gíslason að beiðni kæranda búr þessi, en þann 5. des. s. á. var hann dómkvaddur, ásamt 2 öðrum mönnum, til þess að framkvæma yfirmat á þeim, og lauk þeirri matsgerð þann 19. jan. þ. á. Þann 8. maí þ. á. skyldi Sigurður, að hlutan Magnúsar Sveinssonar, staðfesta matsgerð þessa á bæjarþingi Reykjavíkur. Umboðsmaður kæranda lagði þá ýmsar spurningar fyrir yfirmatsmennina varðandi yfirmatið og sundmarðabúrin. Í 12. spurningu var Sigurður Gíslason spurður þess, hvað eftir hafi verið ógert af smíði búranna þann 13. sept. f. á., er hann skoðaði þau. Neitaði Sigurður að svara þessari spurningu með þeirri röksemd, að því er ætla má, að hún stæði ekki í beinu sambandi við yfirmatið, en honum hefði ekki verið stefnt af hálfu kæranda til þess að bera vitni í málinu

Samkvæmt síðasta málslið 2. málsgr. 133. gr. laga nr. 85/1936 getur vitnastefndi látið spyrja vitni um allt það, sem hann hyggur máli skipta, enda þótt hann hafi ekki stefnt því til vitnisburðar. En samkvæmt 2. málsgr. 140. gr. téðra laga fer um

staðfestingu matsgerða eftir 130.—134. gr. laganna, eftir því sem við á. Áðurnefnd regla 133. gr. virðist fullkomlega eiga við um staðfestingu matsgerða, og verður þess vegna að telja kæranda hafa verið rétt að leggja framangreinda 12. spurningu fyrir matsmanninn Sigurð Gíslason, enda þótt hann hefði ekki stefnt honum til vitnisburðar í málinu, en aðrar ástæður fyrir synjun matsmannsins um svar við spurningunni hafa ekki komið fram. Verður því að fella úrskurðinn úr gildi samkvæmt kröfu kæranda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda Magnús Sveinsson eftir kröfu kæranda til þess að greiða honum 50 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindur bæjarþingsúrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi Magnús Sveinsson greiði kæranda, Ófeigi Guðnasyni, 50 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1940.

Matsmaðurinn hefir verið kvaddur hér fyrir réttinn til þess að staðfesta matsgerð sína frá 19. jan. 1940. Umboðsmaður stefnanda krefst með spurningu þeirri, sem fyrir matsmanninn var nú lögð og hann neitar að svara, skýrslu um, hvernig visst ástand hafi verið 13. september f. á. Með því að hér er um vitnaspurningu að ræða, telst matsmaðurinn á þessu stigi málsins ekki skyldur að svara spurningunni, án þess að hann hafi fengið aðvörun um það, að undangenginni stefnu.

Því úrskurðast:

Matsmanninum telst ekki skylt í þetta sinn að svara umræddri spurningu.